



Nefndasvið Alþingis
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23.04.2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Matvælasjóð

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Matvælasjóð. Með frumvarpinu verður stofnaður Matvælasjóður og er honum ætlað að efla nýsköpun og þróun í innlendri matvælaframleiðslu. Lagt er til að rannsóknasjóður í sjávarútvegi og framleiðnisjóður landbúnaðarins renni inn í nýjan Matvælasjóð.

Alþýðusambandið fagnar því að stjórnvöld styðji við verðmætasköpun í matvælaframleiðslu. Mikil vaxtatækifæri finnast í matvælaframleiðslu, bæði í gegnum aukna verðmætasköpun í núverandi framleiðslu en einnig í sókn í nýrri framleiðslu, vöruþróun og á nýja markaði. Nýsköpun í matvælaframleiðslu er jafnframt mikilvæg til að mæta áskorunum í umhverfismálum og Covid-19 hefur minnt samfélagið á mikilvægi fjölbreyttrar innlendar matvælaframleiðslu.

ASÍ vill sjá að stuðningur við nýsköpun hafi það að markmiði að fjölga störfum, auka útflutning og virðisaukningu í matvælaframleiðslu. ASÍ vill einnig sjá að stuðningur verði til þess að efla byggðir og fjölga verðmætum störfum á landsbyggðinni en ekki fækka þeim. Samþjöppun og hagræðing í landbúnaði og sjávarútvegi hefur falið í sér kostnað fyrir byggðir víða um landið án þess að verðmætasköpunin hafi endilega skilað sér til neytenda eða samfélagsins t.a.m. í formi auðlindagjalda.

ASÍ gerir athugasemd við samsetningu stjórnar sjóðsins, en í frumvarpinu er lagt til að tveir stjórnarmenn séu skipaðir án tilnefningar ásamt fulltrúum tilnefndum af Bændasamtökunum og Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. ASÍ telur eðlilegt að fulltrúar launafólks eigi fulltrúa í stjórn sjóðsins og séu við borðið í samtali og ákvörðunum um nýsköpun og þróun matvælaframleiðslu en innan ASÍ starfa þúsundir félagsmanna í matvælaíðnaði.

f.h. Alþýðusambands Íslands
Róbert Farestveit
Hagfræðingur